RÍKISENDURSKOÐUN
Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/519
komudagur 30.11.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Dagsetning
30. nóvember 2010

Tilvísun
A-8
LÖ/bb

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 23. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um Landsvirkjun (fyrirkomulag eigendaábyrgðar, EES-reglur) 188. mál.

Til svars erindinu skal tekið fram að fulltrúar Ríkisendurskoðunar mættu á fund nefndarinnar til að fjalla um þetta mál hinn 23. nóvember sl. Þar vöktu þeir athygli nefndarmanna á því að hugsanlega væri tímabært að endurskoða rekstrarform Landsvirkjunar í ljósi lögbundinna takmörkunar eigenda á skuldbindingum fyrirtækisins, sem að formi til er sameignarfélag. Jafnframt var bent á að huga þyrfti að viðeigandi heimild í fjárlögum ár hvert til handa fjármálaráðherra til að samþykkja ef á reyndi ábyrgð skv. 2. gr. frumvarpsins. Loks var vakin athygli á að brjóta mætti upp 1.málsl. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins upp í fleiri málsliði í því skyni að gera greinina skýrari og þjálli.

Að öðru leyti hefur stofnunin ekki fram að færa efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Sveinn Arason

Lárus Ögmundsson